

Þriðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 2/1950.

**Vinnuveitendasamband Íslands f. h.
Olíuverzlunar Íslands h/f**

(Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Úrskurður um frest.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938; að dæmt verði að Alþýðusamband Íslands beri vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; að Alþýðusamband Íslands verði vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938, og, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. jan. s. l. hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f. Stefnandi máls þessa, Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi, selja nefndum flugfélögum benzín og olíur og hefur H/f Shell samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni til nefndra flugfélaga frá stöð sinni við Skerjafjörð. Hinn 3. þ. m. tilkynnti verkamannafélagið Dagsbrún stefnanda og H/f Shell á Íslandi, að það hefði ákveðið

að stöðva alla afgreiðslu á benzíni á flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hefðu tekizt í kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands við nefnd flugfélög, og hinn 4. s. m. tilkynnti forráðamaður Dagsbrúnar bréflaga manni þeim, sem hafði á hendi afgreiðslu benzínsins frá stöð H/f Shell, en hann er félagsmaður í Dagsbrún, að honum og öðrum félagsmönnum í Dagsbrún, sem störfuðu hjá olíufélögunum, væri óheimilt að vinna að afgreiðslu á benzíni til framangreindra flugfélaga, þar til annað yrði ákveðið. Stefnandi mótmælti þegar í stað nefndu afgreiðslubanni sem löglausu, og er mótmæli hans báru ekki árangur höfðaði hann mál þetta og gerði í því framangreindar dómkröfur. Var málið þingfest 7. þ. m. og fékk stefndi þá frest til andsvara til 9. þ. m. Í þinghaldi þann dag lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu og krafðizt þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór þá samstundis fram um þá kröfu og var henni hrundið með úrskurði uppkveðnum í dag. Á því dómþingi krafðist umboðsmaður stefnda frests til gagnasöfnunar til 14. þ. m. Kvaðst hann þurfa að afla ýmissa skýrslna frá stefnda, alþýðusambandinu og flugvirkjafélaginu. Umboðsmaður stefnanda mótmælti lengri fresti en þangað til síðdegis í dag.

Eins og máli þessu er háttað þykir eftir atvikum rétt, að stefndi fái frest til gagnasöfnunar til kl. 13.30 11. þ. m.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til gagnasöfnunar til kl. 13.30
11. janúar þ. á.
